



Reglur Hrunamannahrepps um heimgreiðslur

1. gr.

Hrunamannahreppur samþykkir að greiða sérstakar heimgreiðslur til forráðamanna barna samkvæmt eftirfarandi skilyrðum:

Frá 12 - 15 mánaða aldri barns hafa foreldrar val um að þiggja heimgreiðslur óháð því hvort barni bjóðist leikskóladvöl á því aldursbili. Frá 15 mánaða aldri falla heimgreiðslur niður hafi barni verið boðin dvöl á leikskóla. Skilyrði fyrir greiðslum er að barn sé á biðlista eftir leikskólaplássi

Heimgreiðslur eru greiddar frá þeim degi sem barn nær 12 mánaða aldri og þær falla niður þann dag sem barn hefur leikskólagöngu eða við 15 mánaða aldur þiggi foreldrar og/eða forráðamanna barna ekki boð um leikskóladvöl fyrir þann tíma. Heimgreiðslur falla einnig niður ef barn fer í annars konar niðurgreidda dagvistun á vegum sveitarfélagsins. Foreldrum er skylt að tilkynna til sveitarfélagsins ef barn þeirra hefur fengið úthlutað plássi hjá dagforeldrum eða á leikskóla.

2. gr.

Árið 2026 eru heimgreiðslur kr. 125.000,- á mánuði fyrir hvert barn og fást að hámarki greiddar í 11 mánuði á ári. Ekki eru greiddar heimgreiðslur í júlí mánuði. Upphæð þessi breytist við fjárhagsáætlunargerð hvers árs.

3. gr.

Barn og forráðamenn þess skulu hafa lögheimili og búsetu í Hrunamannahreppi. Við flutning á lögheimili úr sveitarfélaginu falla heimgreiðslur niður frá og með sama degi.

4. gr.

Heimgreiðslur eru greiddar eftir á frá næstu mánaðamótum eftir að barn hefur náð tilskyldum aldri. Umsókn um heimgreiðslur þarf að berast fyrir 25. dag mánaðar fyrir komandi mánaðamót. Sækja skal um heimgreiðslur á umsóknareyðublaði sem nálgast má í Ráðhúsi Hrunamannahrepps.

5. gr.

Forráðamenn sem skulda eldri gjöld hjá Hrunamannahreppi fá ekki greiddar út samþykktar heimgreiðslur fyrr en skuldin er að fullu greidd.

6. gr.

Verði um ofgreiðslur á heimgreiðslum að ræða áskilur Hrunamannahreppur sér rétt til að krefjast endurgreiðslu. Sé ofgreiðsla á grundvelli þess að umsækjandi hafið gefið upp rangar upplýsingar eða hann hafi ekki tilkynnt um breytingar á högum sínum sem hafa áhrif á rétt til heimgreiðslu er heimilt að leggja dráttarvexti á upphæð endurkröfunnar.

7. gr.

Reglur þessar voru samþykktar á fundi sveitarstjórnar Hrunamannahrepps þann 15. janúar 2026 og taka gildi frá og með þeim degi.

Hrunamannahreppur 12. janúar 2026

Aldís Hafsteinsdóttir
sveitarstjóri